

---

## FUNDARGERÐ

**Fundur:** Orkuspárnefnd 1999-02

**Fundartími:** Föstudagur 4. júní 1999 kl. 13:30

**Fundarstaður:** Orkustofnun, Grensásvegi 9

**Fundarefni:**

- 1) Störf raforkuhóps.
- 2) Raforkunotkun á fyrstu þremur mánuðum ársins.
- 3) Notkunarflokkar raforku 1998.
- 4) Aflþörf raforkukerfisins 1998.
- 5) Störf jarðvarmahóps.
- 6) Störf eldsneytishóps.
- 7) Skipan orkuspárnefndar.
- 8) Gögn um almennar forsendur orkuspáa.
- 9) Önnur mál.

---

Fundinn sátu:

Orkuspárnefnd:

Þorkell Helgason

Pétur E. Þórðarson

Jón Rúnar Sveinsson

Eiríkur Bogason

Haukur Pálmason

Katrín Ólafsdóttir

Orkuveita Reykjavíkur:

Guðmundur Þóroddsson

Orkustofnun:

Árni Ragnarsson

Verkfræðistofan Afl:

Jón Vilhjálmsson

PH bauð Guðmund Þóroddsson velkominn á fundinn og sagði að bæði Hitaveita Reykjavíkur og Rafmagnsveita Reykjavíkur hefðu átt fulltrúa í nefndinni en fulltrúi Hitaveitunnar hefði nú látið af störf og því hefði hann verið fenginn á fundinn til kynnast starfsemi nefndarinnar til að meta hvort Orkuveita Reykjavíkur vildi ekki áfram leggja tvo fulltrúa til þessa starfs. Annars vísaði PH til liðar 7) í dagskránni varðandi frekari umræðu um skipan nefndarinnar.

1. JV dreifði einu blaði um störf raforkuhóps og sagði að hann hefði komið saman þrisvar frá því nefndin hittist síðast. Úrvinnslu úr gögnum síðasta árs er að mestu lokið og ýmsar upplýsingar sem verið hafa í viðaukum raforkuspárinnar hafa verið settar út á netið. Gerð hefur verið álagsspá um 1. janúar árið 2000 fyrir Landsvirkjun og einnig unnin samanburður fyrir þá um spá síðasta vetrar og raunálag. Spáin hefur staðist mjög vel og t.d. var notkun almennrar forgangsorku á markaði Landsvirkjunar einungis 5 GWh of há og þegar litið var á landið í heild var munurinn 10 GWh. Forgangsorka stóriðju var 20 GWh minni en ráð var fyrir gert þar sem það tók lengri tíma hjá Norðuráli að ná fullu álagi en ráð var fyrir gert.
2. JV dreifði töflum yfir raforkunotkun á fyrstu þremur mánuðum ársins. Þar kemur fram að raforkuvinnsla hefur aukist um 9,0% frá sama tíma á síðasta ári. Stórnotkun vex um 18,0%, almenn notkun vex um 0,7% og flutningstöpin og eigin notkun LV minnka um 10,1%. Þegar einungis er litið á almenna

forgangsorku vex hún mikið eða um 4,8% en almenna ótryggða orkan minnkar um 23,0%. Töpin hafa minnkað eins og von var á þar sem Búrfellslína 3 kom í rekstur undir lok síðasta árs og Nesjavellir hófu þá rekstur. JV dreifði þá töflu yfir almenna notkun leiðrétta út frá lofthita. Þar kemur fram að hitafar á fyrsta ársfjórðungi er svipað og á síðasta ári en kaldara var en í meðalári. Aukningin minnkar aðeins við leiðréttingu og verður 0,5%. Aukning er 4,7% í forgangsorkunni en minnkun í ótryggðu orkunni um 23,8% (leiðréttt).

Minnkun í ótryggðri orku skýrist mest af skerðingu frá Landsvirkjun í janúar en einnig var minnkun í mars væntanlega vegna þess að loðnuvertíð gekk ekki eins vel og menn höfðu ætlað. Á síðasta ári var lítil aukning á fyrsta ársfjórðungi m.a. vegna sjómannaverkfalls og skýrir það væntanlega hluta aukningarinnar í janúar og febrúar. Raforkuhópur hefur ákveðið að gera þær breytingar á þessu yfirliti að setja inn sérstakan dálk fyrir eigin notkun Landsvirkjunar og að sýna orkuöflun einstakra veitna.

3. JV dreifði töflu um raforkunotkun eftir notkunarflokkum árið 1998 og sagði að tölurnar væru nú orðnar endanlegar. Tafla er einnig komin út á netið sem viðauki í væntanlegri endurreiknaðri raforkuspá. Bent var á nokkra liði þar sem mikil aukning hefur verið undanfarin ár svo sem Garðyrkja og ylraekt, Rafmagns til skipa (hefur þó staðið í stað frá 1996) og Fiskimjölverksmiðjur. Rafhitun íbúðarhúsnæðis hefur aftur á móti farið minnkandi.
4. JV dreifði töflum yfir aflþörf raforkukerfisins 1998 sem birtar hafa verið í viðauka við raforkuspána og sagði að bætt hefði verið við fáeinum töflum. Álag var mest á raforkukerfið 5. mars 1998 um 889 MW í virkjun en þá var kuldakast. Ef ekki hefði komið til skerðingar á ótryggðri orku seinni hluta árs hefði álagið væntanlega verið mest þá. PEP sagði að áhugavert væri að sjá hve mikið rúllandi varaafli var á þessum tímamarki. Nokkuð var rætt um breytileika í álagi og ætlar JV að taka saman myndir sem sýna slíkt eins og hafa verið í fyrrnefndum viðauka.
5. ÁR sagði að jarðvarmahópurinn hefi ekki haldið fund frá því nefndin hittist síðast. Hann sagði að teknað hefði verið saman upplýsingar um rekstur hitaveitna árið 1998 sem dreift hefði verið á aðalfundi Samorku eins og gert hefði verið á síðustu árum og dreifði hann þessum gögnum. Hann sagði að fundurinn væri það snemma árs að það væri á mörkunum að hægt væri að hafa gott yfirlit tilbúið þá. Þegar Orkumál fara að koma út að nýju með reglulegum hætti taldi ÁR að ekki væri þörf á að birta þetta á aðalfundi Samorku og þar með gæfist betri tími til að ganga frá þessum gögnum. Nýlega er farin af stað vinna við að taka saman gögn um jarðhitanýtingu fyrir alþjóðlega ráðstefnu sem haldin er á fimm ára fresti og sú vinna tengist endurskoðun jarðvarmaspárinnar. ÁR sagði að vinna við endurskoðun á jarðvarmaspánni muni fara af stað eftir sumarfrí.
6. JV dreifði einu blaði um störf eldsneytishóps en ekki hefur haldið neinn fund frá því nefndin kom síðast saman. Hann sagði að ennþá vantaði gögn frá nokkrum aðilum um síðasta ár en fundur verður haldin þegar gögn hafa borist frá öllum. Ákveða þarf hvernig meta á nú olíukaup fiskiskipa erlendis þar sem Fiskifélagið mun ekki taka slíkt saman lengur. JV sagði ætla að skoða

hvort mögulegt sé að gera það á einhvern einfaldan hátt en ef ekki þarf að fá einhvern sem hefur þekking og aðgang að gögnum um siglingar fiskiskipa til að meta þetta. JV lagði til að nefndin mundi fjalla sérstaklega um þá þætti sem skipta mestu máli varðandi eldsneytisnotkun á næsta fundi, eða um samgöngur og fiskveiðar, og hugsanlegt væri að fá einhverja á okkar fund til að ræða þau mál og var það samþykkt.

7. ÞH fjallaði um skipan nefndarinnar og sagði að Magnús Magnússon væri nýr fulltrúi frá Hagstofu Íslands og að Einar Pálsson kæmi í eldsneytishópinn sem fulltrúi Hollustuverndar. Guðmundi Þóroddssyni var boðið á þennan fund til að kynna sér starf nefndarinnar en Orkuveita Reykjavíkur þyrfti að ákveða hvort hún vildi hafa tvo fulltrúa í nefndinni. Hann sagðist einnig hafa rætt við Júlíus Jónsson hjá Hitaveitu Suðurnesja um að koma á fund nefndarinnar með það í huga að þeir fengju fulltrúa í henni. Hann hefði ekki komist á þennan fund en kæmi væntanlega á næsta fund. Einnig var rætt um að fjölga aðilum frá hitaveitum í jarðvarmahópi nefndarinnar sem gæti komið frá veitum í nágrenni Reykjavíkur. Samþykkt var að stefna að því.
8. JV sagði að það gengi erfiðlega að fá ýmis gögn um almennar forsendur og nefndi sérstaklega tölur frá Fasteignamati ríkisins sem hefðu loksins komið í þessari viku eftir mikinn eftirrekstur. ÞH ætlar að nefna þetta við forstjóra Fasteignamats ríkisins. Einnig beindi JV því til KÓ hvort ekki væri komin nýrri gögn varðandi framleiðslu einstakra atvinnugreina en eru í Atvinnuvegaskýrslu 1996. KÓ ætlar að kanna þetta.
9. ÞH sagði að nú lægju fyrir drög að nýjum raforkulögum þar sem fram kæmi að Íslandsnet ætti að taka sama raforkuspá. Orkustofnun var með athugasemd við þetta í umsögn sinni til ráðuneytisins. Spurning væri hvort þörf væri á að breyta því fyrirkomulegi sem verið hefur á gerð Orkuspáa sem gefist hefur mjög vel. Ef raforkuspáin færi til Íslandsnet að þá væri spurning hvað yrði um aðrar spár sem nýttu sér að hluta til sömu grunnvinnuna. Hann beindi því til nefndarinnar hvort hún ætti að senda inn athugasemd um þetta atriði. JV benti á að oft hefði verið rætt um það í nefndinni að þegar komið yrði á samkeppni á raforkusviði gæti verið erfitt að halda þessu starfi í sama horfi og verið hefur þar sem sölu- og vinnslugögn yrðu trúnaðarupplýsingar og einnig væri spurning hvort samkeppnisyfirvöld samþykktu samstarf sem þetta. Íslandsnet ætti að vera aðili sem væri óháður bæði vinnslu og söluaðilum og hefði aðgang að sölu- og vinnslugögnum í trúnaði. Við gerð eldsneytisspár væri um að ræða svipaðan trúnað og hefði þar gengið vel að vinna með olíufélögunum og ekki hefði komið fram nein athugasemd um að fulltrúar þeirra ættu sæti í eldsneytishópi nefndarinnar. HP og PEP lögðu áherslu á að slæmt væri að slíta þessu samstarfi sem hefði gefist mjög vel og væri hagkvæmt þar sem grunnvinna væri sameiginleg fyrir allar orkuspárnar. Hugsanlega væri að raforkuhópurinn væri undir stjórn Íslandsnets og væri rekinn í samstarfi milli nefndarinnar og Íslandsnets. Fundarmenn töldu vel koma til greina að nefndin sendi athugasemdir við þetta til Iðnaðarráðuneytisins.

Fleira ekki gert. Ákveðið var að fresta næsta fundi um vika og halda hann 17. september. Fundi slitið kl. 15:20.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

"Minnisblað vegna fundar Orkuspárnefndar 4. júní 1999. Raforkuhópur Orkuspárnefndar". (JV)

Raforkunotkun 1999, 1. ársfjórðungur. (JV)

Almenn raforkunotkun leiðrétt út frá lofthita, 1. ársfjórðungur. (JV)

Álag á raforkukerfið 1998. (JV)

"Upplýsingar um hitaveitur í Samorku 1998". (ÁR)

"Minnisblað vegna fundar Orkuspárnefndar 4. júní 1999. Eldsneytishópur Orkuspárnefndar". (JV)